

Akureyri 16. desember 2015

Umhverfis- og samgöngunefnd

Efni: Þingskjal 504 – 371. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnanana).

Umsögn:

Með bréfi þessu vil ég koma á framfæri athugasemdum við umrætt frumvarp sem er til umfjöllunar hjá nefndinni. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að breyta setri Náttúrufræðistofnunar á Akureyri í starfsstöð og um leið að leggja af stöðu forstöðumanns á Akureyri. Með því er dregið úr vægi og sjálfstæði Akureyrarhluta stofnunarinnar. Í lögum um Náttúrufræðistofnun Ísland (60/1992) var gerð metnaðarfull tilraun til að byggja upp landsstofnun sem byggð væri upp af jafnrétt háum setrum en stefnumótun og samhæfingu starfsins sinnt af forstjóra sem ekki væri tengdur sérstaklega neinu setra stofnunarinnar. Hjá héraendum stofnunum er algengt að höfuðstöðvarnar í Reykjavík séu allsráðandi og því vöktu lögin um Náttúrufræðistofnun von um að vilji væri til að byggja upp dreifstýrða stofnun.

Verði lögunum breytt eins og lagt er til er hætt við að starfsemin á Akureyri verði afskipt þar sem enginn fulltrúi setursins tekur þátt í fundum yfirstjórnar stofnunarinnar en þar hefur forstöðumaður Akureyrarseturs átt sæti hingað til.

Virðingarfyllt



Starri Heiðmarsson

grasafræðingur við Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar